




# Norðurþing

**Greinargerð**

Fjárhagsáætlun 2023 - 2026




## Forsendur fjárhagsáætlunar og viðmiðanir um afkomu

Fjárhagsáætlun Norðurþings fyrir árið 2023 er nú lögð fram til síðari umræðu í sveitarstjórn Norðurþings 1. desember 2022 í samræmi við samþykkt ferli við afgreiðslu fjárhagsáætlunar. Áætlunin var lögð fram í byggðarráði 20. október 2022 og vísað til fyrri umræðu í sveitarstjórn samkvæmt 3. mgr. 62. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

Byggðarráð vísaði á 414. fundi sínum þann 24. nóvember sl. fjárhagsáætlun 2023-2026 til sveitarstjórnar og áætlað er afgreiðsla áætlunarinnar verði í sveitarstjórn þann 1. desember 2022. Samhliða áætlun næsta árs er jafnframt lögð fram þriggja ára áætlun fyrir árin 2024, 2025 og 2026. Forsendur fjárhagsáætlunar Norðurþings voru lagðar fram í byggðarráði 6. október sl. og fyrri umræða í sveitarstjórn fór fram þann 27. október sl.

Við gerð fjárhagsáætlunar að þessu sinni ríkir meiri óvissa um framvindu efnahags- og kjaramála en staðið hefur verið frammi fyrir í áraraðir. Verðbólga á heimsvísu hefur verið hærri en þekkt hefur í langan tíma og Ísland er ekki nein undantekning þar á.

Samkvæmt spá Hagstofu Íslands frá 11. nóvember sl. er gert ráð fyrir því að vísitala neysluverðs hækki um 5,6% á næsta ári að meðaltali. Líkur eru á að verðbólga hafi náð hámarki í sumar og verði 8,2% að meðaltali í ár. Á næsta ári er útlit fyrir hóflega hjöðnun verðbólgu þar sem gert er ráð fyrir að alþjóðaverðbólga minnki, hrávöruverð lækki og að verðhækkunarhrinin á húsnæðismarkaði líði hjá. Reiknað er með að verðbólga hjaðni árið 2024 og verði 3,5% að meðaltali en nálgist 2,5% verðból gumarkmið Seðlabanka Íslands eftir það. Búist er við að 4,8% samdráttur verði á opinberri fjárfestingu á þessu ári. Reiknað er með áframhaldandi samdrætti opinberrar fjárfestingar á næsta ári þegar hún dregst saman um 3,8%, helstu ástæður þess er að þáttaka í útboðum hins opinbera hefur verið dræm. Góður vöxtur hefur verið í ferðapjónustu og gert er ráð fyrir að ferðapjónustan nái sínum fyrri styrk á næsta ári (Hagtíðindi-Þjóðhagsspá).



Heimild: Hagstofa Íslands og Seðlabanki Íslands.

Mynd 1. Framlag undirliða til verðbólgu.

## Áherslur Norðurþings í fjárhagsáætlun 2023-2026

Í fjárhagsáætluninni er lögð áhersla á grunnþjónustu sveitarfélagsins auk þess sem öflug framkvæmdaáætlun fylgir henni. Áhersla á málefni barna og unglinga endurspeglast í fjárhagsáætluninni. Þar má nefna t.d. byggingu nýs frístundarheimilis. Einnig gerir fjárhagsáætlunin ráð fyrir að á árinu verði haldið verði áfram með framkvæmdir við nýtt hjúrunarheimili sem eflir og bætir grunnþjónustu aldraðra til mikilla muna. Ýmis viðhaldsverkefni eru á framkvæmdaáætlun og áhersla er á að ljúka þeim verkum sem hafin eru.

- Niðurstaða fjárhagsáætlunar sýni sem réttasta niðurstöðu.
- Útsvarshlutfall verði áfram 14,52%.
- Álagning fasteignaskatta verði óbreytt 0,46% á íbúðarhúsnæði og 1,55% á atvinnuhúsnæði.
- Álögur á íbúa verði í takti við verðlagsþróun í landinu.
- Aðhalds verði gætt í rekstri sveitarfélagsins.
- Skuldahlutfall Norðurþings verði á svipuðum nótum og verið hefur undanfarin ár.
- Á fyrri hluta ársins verði innleitt nýtt skipurit og stjórnskipulag Norðurþings.
- Áfram verði unnið að einföldun á skipulagi og starfsemi með það að leiðarljósi að þjónusta íbúa betur á sem hagkvæmastan hátt.
- Fylgt verði samþykktum og stefnum Norðurþings um hin ýmsu mál.

## Helstu óvissuþættir eru

### Kjarasamningar:

Kjarasamningar á almennum markaði gilda til 1. nóvember 2022 og flestir kjarasamningar á opinbera markaðnum gilda fram til 1. mars 2023. Samningar við kennarafélögin gilda þó til 1. september á næsta ári. Eins og flestum er kunnugt um er óvissan í komandi samningaviðræðum mjög mikil.

### Ytri aðstæður:

Umtalsverð óvissa er tengd stríðinu í Úkraínu. Framvindan á fjármálamarkaði er einnig meðal óvissuþátta vegna verðbólgu og aðgerða Seðlabanka í að minnka peningalega þenslu. Vonir stóðu til þess að viðsnúningur yrði verulega jákvæður á árinu 2022 og að hagkerfi heimsins kæmust á sama stað og fyrir Covid-19 faraldur. Þrátt fyrir að ýmis jákvæð teikn hafi verið á lofti, hefur stríð í Úkraínu og viðvarandi vandamál í aðfangakeðjum sem og hækkandi verð á hrávörumörkuðum sett hagkerfi heimsins í vanda. Verðbólga mælist mun hærri en spáð var, bæði hérlendis sem og í öllum helstu viðskiptalöndum Íslands. Þá hefur óvissa á fjármálamörkuðum aukist mikið sem m.a. hefur endurspeglast í lækkuðu virði hlutabréfa og einnig hefur ávöxtunarkrafa skuldabréfa hækkað verulega.

### Verðlagsforsendur, vextir og gengi:

Verðbólga hefur verið meiri á árinu 2022 en um langt árabil á Íslandi var hún 9,3% nú í endaðan nóvember og er mjög há verbólga um þessar mundir í flestum löndum sem við berum okkur saman við. Seðlabankinn hefur gefið skýr skilaboð um að bankinn muni beita vaxtastýringu til að halda aftur af verðbólgu og sýnt það í verki upp á síðkastið. Vaxtastig hefur því farið hækkandi síðustu misseri á sama tíma og óvíst er hversu hratt verðbólga mun lækka.

Fjárhagsáætlun Norðurþings gerir ráð fyrir að verðbólga verði 9,4% í árslok 2022 og 6% á árinu 2023 og þróist svo í átt að markmiði Seðlabanka Íslands á árunum 2024 og 2025.


## Viðmiðanir um afkomu og fjárhagsstöðu sveitarfélaga samkvæmt sveitarstjórnarlögum

### Jafnvægisreglan:

Jafnvægisreglan kveður á um að samanlögð heildarútgjöld til reksturs vegna A og B hluta yfir þriggja ára tímabil megi ekki vera hærri en sem nemur samanlögðum reglulegum tekjum sveitarfélagsins. Það felur í sér að samanlögð rekstrarniðurstaða fyrir yfirstandandi ár með hliðsjón af gildandi fjárhagsáætlun og samþykktum viðaukum við fjárhagsáætlun fyrir næsta ár sýni jákvæða rekstrarniðurstöðu samstæðunnar.

Alþingi hefur samþykkt að víkja þessum reglum til hliðar tímabundið til ársins 2025 og koma þannig til móts við tekjufall sveitarfélaga og útgjaldaauka vegna Covid-19, (jákvæð niðurstaða við gildisstöku).

### Rekstrarjöfnuður / jafnvægisregla




Mynd 2. Rekstrarjöfnuður/ jafnvægisregla

### Skuldareglan:

Skuldareglan kveður á um skyldur sveitarfélaga til að sjá til þess að heildarskuldir og skuldbindingar A og B hluta í reikningsskilum skv. 60. gr. sveitarstjórnarlaga séu ekki hærri en sem nemur 150% af reglulegum tekjum.

Skuldahlutfall Norðurþings skv. ársreikningi 2021 nam 132,2%. Samkvæmt fjárhagsáætlun 2022 er gert ráð fyrir að það nemi 128% og samkvæmt framlagðri fjárhagsáætlun fyrir árið 2023 er gert ráð fyrir að skuldahlutfallið verði 130%. Skuldaviðmið nemur 78,8% í áætlun 2023. Alþingi hefur samþykkt að víkja þessum reglum til hliðar tímabundið til ársins 2025 og koma þannig til móts við tekjufall sveitarfélaga og útgjaldaauka vegna Covid-19, (ekki reynir á þessa undanþágu).

### Skuldahlutfall og skuldaviðmið




Mynd 3. Skuldahlutfall/ skuldaviðmið



## Þróun rekstrartekna og gjalda

Rekstrartekjur samstæðu aukast um 6% á árinu 2022 samkvæmt útgönguspá, áætlun 2023 gerir ráð fyrir tekjuaukningu um 5,1% á árinu 2023. Útsvar er 13,4% hærra en gert var ráð fyrir á árinu 2022 samkvæmt útgönguspá og hefur hækkun verið nokkuð jöfn á flesta mánuði ársins, áætlun 2023 gerir ráð fyrir um 2% hækkun á útsvarstekjum. Aðrar tekjur eru áætlaðar 5,8% hærri en á árinu 2022.


Þróun rekstrartekna



Mynd 4. Rekstrartekjur

Rekstrargjöld samstæðu hækka um 8,5% á árinu 2022 samkvæmt útgönguspá, áætlun 2023 gerir ráð fyrir aukningu í gjöldum um 5,4% á árinu 2023. Launakostnaður samstæðu hefur hækkað um 8,5% á milli ára 2021 og 2022 samkvæmt útgönguspá, skýrist að hluta til á fjölgun stöðugilda. Gert er ráð fyrir um 6% hækkun á launakostnaði á árinu 2023 sem er í samræmi við leiðbeinandi álit Sambands íslenskra sveitarfélaga.


Þróun rekstrargjalda



Mynd 5. Rekstrargjöld

Samkvæmt framlagðri fjárhagsáætlun Norðurþings er gert ráð fyrir að rekstrarhali A-hluta verði um 99 m.kr og neikvæð rekstrarniðurstaða samstæðureiknings A og B hluta um 157 m.kr. Veltufé frá rekstri er áætlað að verði 376 m.kr hjá A sjóði og 650 m.kr í samstæðureikningi. Veltufé frá rekstri er áætlað 10,8% samanborið við 12,6% samkvæmt áætlun 2022.


#### Veltufé frá rekstri



Mynd 6. Fjárhagsáætlun 2023, veltufé frá rekstri

Eiginfjárhlutfall er áætlað að verði 0,21, veltufjárhlutfall 1,9. Gert er ráð fyrir að laun og launatengd gjöld nemi 54,5% af tekjum og annar rekstrarkostnaður 30,9%. Skuldir og skuldbindingar nemi samtals 7.803 m.kr. og þar af langtímaskuldir við lánastofnanir 4.250 m.kr og 2.515 m.kr vegna lífeyrisskuldbindinga.

#### Árafjöldi í niðurgreiðslu skulda




Mynd 7. Fjárhagsáætlun 2023, niðurgreiðslutími skulda

Fjárhagsstaða Norðurþings er viðunandi og breytist frekar til batnaðar á næstu árum miðað við fjárhagsáætlun 2023- 2026, sveitarfélagið hefur ekki tekið ný lán hvorki á þessu ári né því síðasta, skuldir eru töluverðar, en vel undir viðmiðunarmörkum og samkvæmt 2. tl. 2. mgr. 60. gr. sveitarstjórnarlaga en þar er mælt fyrir um að skuldir megi ekki vera hærri en sem nemur 150% af reglulegum tekjum. Áætlun samstæðu gerir ráð fyrir að lántaka verði að upphæð 395 m.kr á árinu 2023.

Framkvæmdir samstæðu eru áætlaðar 827 m.kr árið 2023 en voru áætlaðar 726 m.kr árið 2022. Töluvert af framkvæmdum er að hliðrast á milli ára og koma þær framkvæmdir inn á framkvæmdaáætlun ársins 2023.

### Ný fjárfesting / lántaka sem hlutfall af skuldum



Mynd 8. Fjárhagsáætlun 2023, lántaka hlutfall af skuldum

### Útsvar:

Áætlaðar útsvarstekjur eru 2.146 m.kr og hækka um rúmlega 2% miðað við útgönguspá ársins 2022. Við gerð áætlunarinnar er byggt á spá Sambands íslenskra sveitarfélaga, útgönguspá 2022 og tekið er tillit til áætlaðrar launaþróunar. Enn fremur er gert ráð fyrir 2,5% varúð á útsvarstekjurnar og íbúafjölgunar skv. áætlun sambandsins fyrir næstu ár.

### Fasteignaskattar:

Í framlagðri fjárhagsáætlun er gert ráð fyrir að tekjur af fasteignasköttum nemi 477 m.kr og hækka um 10,4% milli ára og eru þá meðtaldar nýjar eignir sem best hafa við á árinu 2022. Gert er ráð fyrir að álagningarhlutfall fasteignaskatta á íbúðarhúsnæði verði óbreytt 0,460% og 1,55% á fyrirtæki.

### Jöfnunarsjóður:

Gert er ráð fyrir að framlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til Norðurþings nemi um 880 m.kr á árinu 2023.

### Launakostnaður:


Launakostnaður samkvæmt áætlun samtals 3.270 m.kr árið 2023 í A og B hluta sem er 7,3% hækkan milli ára og 17,3 % hækkan frá niðurstöðu ársreiknings 2021 sem skýrist hest af fjölgun stöðugilda í málaflokkum félagsþjónustu. Stöðugildi sveitarfélagsins og stofnana eru alls um 300.

Í áætluninni er tekið tillit til launahækkana samkvæmt ákvæðum gildandi kjarasamninga. Kjarasamningar starfsmanna Norðurþings eru almennt bundnir fram til 1. mars 2023 að undanskildum samningum við kennarafélagin en þeir samningar eru lausir frá 1. september 2023.

### Rekstrarkostnaður:

Annar rekstrarkostnaður samstæðureiknings er áætlaður 1.856 m.kr. og hækkar um 2% milli ára miðað við útgönguspá 2022 en hefur hækkað um 14% frá ársreikningi 2021 sem skýrist að verulegum hluta með mikilli hækkan á verði á ýmsum aðföngum og að keyptri þjónustu á árinu.


### Framlegðarhlutfall



Mynd 9. Fjárhagsáætlun 2023, framlegðarhlutfall


## Tekju skipting samstæðu Norðurlings

Heildartekjur samstæðu Norðurlings eru áætlaðar 6.003 m.kr í fjárhagsáætlun vegna ársins 2023.



Mynd 10. Fjárhagsáætlun 2023, skipting á tekjum

Tekjur samstæðu Norðurlings skipt í %.




Mynd 11. Fjárhagsáætlun 2023, skipting tekjur í hlutfalli



## Heildarútgjöld samstæðu Norðurþings

Heildarútgjöld samstæðu Norðurþings eru áætluð 5.357 m.kr í fjárhagsáætlun vegna ársins 2023.

### Rekstrargjöld samstæðu



Mynd 12. Fjárhagsáætlun 2023, rekstrargjöld hlutfall

Yfirlit samstæðu Norðurþing yfir áætlunartímabilið 2023- 2026.


Samantekið - A og B hluti					
	Útkomuspá 2022	Áætlun 2023	Áætlun 2024	Áætlun 2025	Áætlun 2026
<b>Rekstrarreikningur</b>					
<b>Rekstrartekjur</b>					
Útsvar og fasteignaskattur.....	2.542.037	2.623.460	2.788.972	2.964.720	3.148.967
Framlög Jöfnunarsjóðs.....	815.019	880.069	910.871	933.643	956.984
Aðrar tekjur.....	2.355.507	2.500.026	2.575.103	2.649.827	2.681.420
	5.712.564	6.003.555	6.274.946	6.548.190	6.787.371
<b>Rekstrargjöld</b>					
Laun og launatengd gjöld.....	3.043.841	3.270.974	3.408.355	3.551.506	3.697.118
Lífeyrisskuldbinding, breyting.....	218.209	230.375	198.774	198.774	198.774
Annar rekstrarkostnaður.....	1.819.362	1.855.776	1.940.310	2.002.805	2.066.862
	5.081.413	5.357.125	5.547.440	5.753.085	5.962.754
<b>Rekstrarniðurstaða fyrir afskriftir</b>					
Afskriftir.....	( 384.459 )	( 408.525 )	( 441.356 )	( 454.878 )	( 465.083 )
<b>Rekstrarniðurstaða án fjármunatekna og fjármagnsgjalda</b>					
	246.692	237.904	286.150	340.227	359.533

Mynd 13. Fjárhagsáætlun 2023, rekstrarreikningur

## Útgjöld skipt á málaflokka


Útgjöld til málaflokka A- hluta Norðurþings í krónum, heildarútgjöld til málaflokka 2023 eru áætluð 4.630 m.kr.

### Málaflokkar eftir upphæð



Mynd 14. Fjárhagsáætlun 2023, skipt á málaflokka

Útgjöld til málaflokka A- hluta Norðurþings í hlutfalli.



Mynd 15. Fjárhagsáætlun 2023, málaflokkar hlutfall